Nr. 8.
20.
júlí.

Auglýsing

um

samning milli konungsríkjanna Danmerkur, og Bretlands hins mikla og Írlands viðvíkjandi framsölu strokumanna af kaupskipum.

Stjórnarráð utanríkismálanna hefir tilkynnt stjórnarráðinu fyrir Island, að þann 21. dag júnímánaðar 1881 var samningur sá, er ritaður er hjer á eptir, gjörður á danskri og enskri tungu, milli hins konunglega sendiherra í Lundúnum, Kammerherra Falbes, og hins brezka utanríkisráðgjafa, lávarðar Granvilles, um framsölu strokumanna af kaupskipum frá hvorutveggja ríkinu.

Stjórn hans Hátignar, konungsins yfir Danmörku, og stjórn hennar Hátignar, drottningarinnar yfir hinum sameinuðu konungsríkjum Bretlandi hinu mikla og Írlandi, hafa, til þess að gjöra eptirleit, handtöku og framsölu sjómanna, er strjúka af kaupskipum annarshvors ríkis, auðveldari, til hagnaðar fyrir verzlun beggja ríkja, gjört eptirritaðan samning með þeim skilmála, að ríkin láti hvort annað í þessu efni njóta jafnrjettis að fullu og öllu.

Þegar sjómaður eða ljettadrengur, að þrælum þó undanteknum, strýkur af skipi, er tilheyrir einhverjum þegni annars af ríkjum þeim, er samning þennan gjöra, í höfnum, löndum, eignum eða nýlendum hins ríkisins, skulu yfirvöldin í þessum höfnum, löndum, eignum eða nýlendum, ef verzlunarfulltrúi þeirrar þjóðar, er skip það tilheyrir, er strokumaður var á, eða annar maður með fulltrúans umboði eða í hans stað, krefst þess, vera skyld, að veita alla þá aðstoð, er í þeirra valdi stendur, til þess að leita að slíkum strokumönnum, handtaka þá og flytja aptur á skip.

Stjórnunum hefir komið saman um, að framanrituð ákvörðun verði eigi heimfærð til þegna þess lands, þar sem strokið hefir fram farið.

Báðir málspartar áskilja sjer hvor fyrir sig rjett til, að segja samningi þessum slitið hvenær, sem vera skal, þannig, að samningurinn fellur úr gildi þegar eitt ár er liðið frá uppsagnartíðinni.

Bekjendtgjørelse

Nr. 8.
20de
Juli.

om

en mellem Kongeriget Danmark og Kongeriget Storbritannien og Irland affluttet Deklaration angaaende gjensidig Udlevering af Desertører fra Handelsskibe.

Udenrigsministeriet har meddelt Ministeriet for Island, at der under 21de Juni 1881 er mellem den Kongelige Gesandt i London, Kammerherre Falbe, og den storbritanniske Udenrigsminister, Lord Granville, blevet affluttet følgende Deklaration i det danske og engelske Sprog angaaende gjensidig Udlevering af Desertører fra Handelsskibe.

Hans Majestæt Kongen af Danmarks Regjering og Hendes Majestæt Dronningen af de Forenede Kongeriger Storbritanniens og Irlands Regjering have, for i begge Staters Handels Interesse at lette Forfølgelsen, Paagribelsen og Udleveringen af Søfolk, som rømme fra en af de to Staters Koffardiskibe, under Betingelse af hel og fuldstændig Gjensidighed, truffet følgende Overenskomst:

Naar Sømænd eller Skibsdrenge, dog Slaver undtagne, rømme fra Skibe tilhørende en Undersaat af et af de kontraherende Lande i det andet af de kontraherende Landes Havne, Territorier, Besiddelser eller Kolonier, skulle Øvrighederne i disse Havne, Territorier, Besiddelser og Kolonier paa Begjæring af den Nations Konsul, til hvilken den Rømtes Skib hører, eller af hans Befuldmægtigede eller Stedfortræder, være forpligtede til at yde enhver i deres Magt staaende Hjælp til saadanne Søfolks Forfølgelse og Paagribelse saavel som til deres Tilbagebringelse til Skibet.

Man er enig om, at foranstaaende Bestemmelse ingen Anvendelse finder paa Undersaatter af det Land, hvor Rømningen har fundet Sted.

Enhver af de to kontraherende Parter forbeholder sig Ret til at opsige nærværende Overenskomst til enhver Tid saaledes, at den ved Udløbet af et Aar regnet fra Opsigelsen træder ud af Kraft.

Nr. 8. 20. júlí.

Þessu til staðfestu hafa undirskrifaðir, er þartil höfðu tilhlýðilegt umboð, ritað nöfn sín undir samning þennan og sett þar á innsigli sín.

Samið í Lundúnum í tvennum frumritum þann tuttugasta og fyrsta dag júnímánaðar, árið eitt þúsund, átta hundruð, áttatíu og eitt.

(L. S.) (undirr.) **Falbe.**

(L. S.) (undirr.) **Granville.**

Þetta kunngjörist hjermeð til nauðsynlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni.

Í stjórnarráðinu fyrir Ísland, þann 20. dag júlímánaðar 1881.

J. Nellemann.

H. Stephensen,
settur.

Nr. 8. Augl. 20. júlí um samn. milli konungsr. Danm., og Bretl. h. m. og Írl. viðv. frams. strokum af kaupsk.

Til Bekræftelse heraf have de Undertegnede, forsynede med behørig Bemyndigelse, underskrevet denne Overenskomst og paatrykt den deres Segl. Nr. 8. 20de Juli.

Udfærdiget i dobbelte Exemplarer i London den en og tyvende Dag i Juni, Aar et Tusind Otte Hundrede og En og Firsindstyve.

(L. S.) (undert.) **Falbe.**

(L. S.) (undert.) **Granville.**

Hvilket herved bekjendtgjøres til fornøden Efterretning og Jagttagelse.

Ministeriet for Island, den 20de Juli 1881

J. Nellemann.

H. Stephensen,
const.